

Árið 2009 mánudaginn 27. apríl var haldinn almennur sveitarfundur Húnaþings vestra í félagsheimilinu Ásbyrgi og hófst fundurinn kl. 20:35. Guðný Helga Björnsdóttir oddviti sveitarstjórnar setti fundinn og stjórnaði honum.

Gengið var til dagskrár.

1. Oddviti gerði grein fyrir ársreikningi Húnaþings vestra og fyrirtækja árið 2008. Hún fór yfir einstaka liði reikninganna og skýrði þá. Einnig gerði hún grein fyrir framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins, auk ýmissa þátta í starfseminni.
2. Skúli Þórðarson sveitarstjóri fór yfir fjárhagsáætlun Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árið 2008. Hann skýrði helstu liði fjárhagsáætlunarinnar, annarsvegar aðalsjóðs og hins vegar fyrirtækja sveitarfélagsins. Hann gat þess í máli sínu að við þær óvenjulegu aðstæður sem sköpuðust í Þjóðfélaginu á seinni hluta síðasta árs hefði sveitarstjórn sameinast um gerð fjárhagsáætlunar óháð meirihluta og minnihluta.
3. Almennar umræður og fyrirspurnir.  
Heimir Ágústsson fór yfir og skýrði ýmis atriði varðandi framlög jöfnunarsjóðs auk fleiri atriða í rekstri sveitarfélagsins.  
Elín R. Líndal ræddi um og skýrði ýmis atriði í rekstri fyrirtækja sveitarfélagsins auk fleiri atriða sem snerta rekstur sveitarfélagsins.  
Flosi Eiríksson spurðist fyrir um kostnað við þjónustuhús í Kirkjuhvammi.  
Sólrun Þorvarðardóttir spurðist fyrir um stöðu hafnarsjóðs og möguleika á að auka starfsemina.  
Jóhannes Björnsson spurði um framlög Húnaþings vestra til reiðhallarinnar á Hvammstanga, einnig spurði hann um hverjar væru skuldir sveitarfélagsins á hvern íbúa.  
Gunnar Sæmundsson ræddi m.a. sorphirðumál og taldi æskilegt að gámar fyrir timbur og járn yrðu staðsettir út um sveitir tímabundið á hverjum stað. Einnig spurðist hann fyrir um þjónustu í snjómokstri á dreifbýlisvegum miðað við breyttar reglur Vegagerðarinnar í þessu efni. Þá ræddi hann málefni Byggðasafnsins á Reykjum.  
Þorsteinn Sigurjónsson ræddi málefni Byggðasafnsins og taldi hugmynd um að byggja yfir safnið hjá hinum nýja Staðarskála ekki skynsamlega.  
Rakel Runólfssdóttir ræddi ýmis málefni sveitarfélagsins og verkefni sem unnið er að og vinna þarf á vegum sveitarfélagsins.  
Skúli Þórðarson sveitarstjóri svaraði ýmsum fyrirspurnum sem fram höfðu komið.  
Jóhannes Björnsson ræddi um frágang við vegamótin frá Þjóðvegi 1 að Laugarbakka. Þar vantaði merkingar og lýsingu og vegamótin væru beinlínis hættuleg eins og þau væru. Hvatti hann sveitarstjórn til að þrýsta á um úrbætur í þessu efni.  
Agnar Jónsson ræddi um nauðsyn þess að framhaldsnám verði í boði á svæðinu.  
Elín R. Líndal svaraði fyrirspurnum sem fram höfðu komið.  
Stefán Böðvarsson ræddi ýmis málefni sveitarfélagsins og svaraði fyrirspurnum. Aðrir sveitarstjórnarmenn komu inn í umræður á ýmsum stigum og svöruðu fyrirspurnum.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 23:30.

Ólafur B. Óskarsson, fundarritari (sign.).

Skúli Þórðarson(sign.),  
Oddur Sigurðarson(sign.),  
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),  
Elín R. Líndal(sign.).

Stefán Böðvarsson(sign.),  
Þ. Karl Eggertsson(sign.),  
Rakel Runólfsdóttir(sign.).